

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Samkv. reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999

BN Autoparts

PAKKNINGALEYSIR

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálpar
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlíðarþúnaður
9. Efnæginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
14. Flutningur
15. Lög og reglur
16. Hættulýsing

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **Pakkinga-leysir**
Vörunúmer: **PTS** Úðabrúsi
Notkun: **Efni sem losar um pakkingar**
Dreifing: **Bílaust hf. Reykjavík**
Framleiðandi: **Bílaust hf. Reykjavík**
Neyðarsími framleiðanda: 535 9000, 535 9048, 693 4801

Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112

Upplýsingamiðstöð v/etrunar, Landsspítala í Fossvogi,
Rvk. Sími **543 2222**

2. Samsetning efnis - upplýsingar um hættulegt innihald. (samkv. 67/548/EEC)

Blanda af klór-kolvatns-leysiefnum, alkahóli, seigjuefni, vaxi og kolvatns-þrýstiefni.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur. (% af þyngd)	Hættufl.	Hættusetningar
75-09-2	200-838-9	Díklórmetan	>60-<80	Xn	40
64-17-5	205-483-3	Etanól	>2,5-<5,0		
106-97-8	203-448-7	Bútan	>10-<20		

3. Varúðarupplýsingar.

Mikil, ítrekuð og/eða langvarandi notkun efna sem innihalda petrókemísk efni og/eða rokgjörn leysiefni getur valdið ertingu og bólgu hörunnds sé ekki gætt fyllsta hreinlætis. Ílát undir þrýstingu. Haldið fjarri sólarljósi og öðrum varmagjöfum þannig að það nái ekki að hitna umfram 50°C. Stingið ekki gat á ílátið né látið á eld fyrir eða eftir tæmingu. Úðið efninu ekki á opinn eld eða brennheita hluti. Innöndun þessa efnis sem vímuefna er hættuleg og getur leitt til dauða.



Hætta á varanlegum heilsuskaða.

4. Skyndihjálpar.

Almennt: Í öllum vafatilvikum, eða þegar einkenni hverfa ekki, skal leita læknishjálpar. Látið aldrei neitt innfyri varir meðvitundarlaus einstaklings.

Við innöndun: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og haldið á honum hita í hvíldarstöðu. Sé öndun óregluleg eða hefur stöðvast skal veita öndunaraðstoð. Látið ekkert innfyri varir viðkomandi. Sé viðkomandi meðvitunarlaus skal búa um hann í hvíldarstöðu og leita ráða læknis.

Snerting við augu: Fjarlægjið snertilinsur. Skolið augu með miklu vatni í minnst 10 mín. um leið og auglokum er haldið opnum. Leitið ráða læknis.

Framhald á bls. 3

Snerting við húð: Fjarlægið klæðnað sem mettaður er efninu. Þvoið hörund strax rækilega með sápuvatni eða þrifið með húðhreinisiefni. Notið hvorki leysiefni né þynni.
Við inntöku: Hafi efnið verið gleypt skal leita læknis tafarlaust. Haldið viðkomandi í hvíldarstöðu. Framkallið ekki uppsölur.

5. Eldsvoði:

Slökkviefni: Notið kolsýru, duft, sand eða froðu til að slökkva eld.

Notið ekki vatn til að slökkva eldinn.

Sérstakar leiðbeiningar fyrir slökkvilið: Eldurinn myndar þéttan svartan reyk sem inniheldur hættulegt afgang (sjá nr. 10). Aukaefni sem myndast við eld geta verið heilsuskaðleg. Þörf getur verið fyrir viðeigandi öndunarbúnað með sjálftilfærðu lofti. Lokuð ílát í eða við eld skal kæla með vatnsúða. Koma skal í veg fyrir að efni, sem losna við slökkvistarf, nái að renna í frárennsliskerfi eða í vatnslindir.

6. Efnaleki.

Bindið efnið með óeldfimu uppsogsefni svo sem sandi eða mold og setjið í lokuð ílát og fargið í samræmi við gildandi lög og reglur um meðferð og förgun spilliefna hjá og í samráði við móttöku spilliefna í viðkomandi sveitarfélagi.

Varnið því að efnið komist í frárennsliskerfi eða vatnslindir. Gerist slíkt skal tilkynna það viðkomandi veitustofnunum sveitarfélagsins. Leiki grunur á að efnið hafi náð að leka í læki, skurði, ár eða vötn skal tilkynna það heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags eða Hollustuvernd ríkisins.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun: Gufa þessa efnis er þyngri en loft og getur því leynst niðri við gólf og getur myndað sprengifimt efni með lofti. Tryggið góða loftræstingu þannig að sprengifim blanda efnisins og lofts nái ekki að myndast né þétting efnisins umfram mengunarmörk. Forðist snertingu efnis við augu eða hörund. (Persónuhlífar sjá nr. 8). Góð umgengni, þrif og regluleg tæming affalls dregur úr hættu.

Geymsla: Geymslu skal háttáð í samræmi við lög og reglugerðir um meðferð og geymslu eldfimra vökva nr. 188/1990. Lesið leiðbeiningar á umbúðum. Geymið við 5-30°C í þurru, vel loftræstu rými fjarri neistagjöfum, opnum eldi, og hitagjöfum. Geymið ekki þar sem sólargeislar geta hitað efnið. Bannið reykingar. Við geymslu, aðstöðu og fyrirkomulag, ber að hafa í huga að um hættulegt eni í umbúðum undir þrýstingi er að ræða.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

Ráðstafanir: Fara skal að gildandi reglum um meðhöndlun kemískra efna á vinnustöðum og sérstökum reglum viðkomandi vinnustaðar, sé þeim til að dreifa. Tryggið virka loftræstingu þar sem unnið er með efnið. Notið sérstakt útsog þar sem loftskipti eru ekki nægilega tíð eða öndunargrímu verði útsogi ekki komið við.

framhald á bls.3

Mengunarmörk: CAS nr.	Áhættuflokkur:	Mörk		R-merk.	
		OEL-S	OEL-L		
75-09-2	Díklórmetan	Xn	300	100	40
64-17-5	Etanól			1000	
106-97-8	Bútan		750	600	

Skýring: OEL-S = Occupational Exposure Limits-Short = 15 mín.
OEL-L = Occupational Exposure Limits-Long = 8 klst.

Persónuhlífar: Allar persónuhlífar, þ.m.t. ferskloftsbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggi fólks við meðhöndlun og notkun hættulegra efna, skal velja samkvæmt gildandi reglum Vinnueftirlits ríkisins og einungis búnað sem samþykktur er af Vinnueftirliti.

Öndun: Öndunarbúnað með tilfærðu lofti (ferskloftsbúnað) skal hafa sé efnið notað í slíku magni að mengun sé yfir uppgefnum OEL-mörkum.

Hörund: Örugast er að nota hlífðarhanska úr hentugu efni. Hlífðarkrem myndar vörn en skal ekki nota krem eftir að snerting við efnið hefur átt sér stað. Klæðist samfestingi úr baðmull, öðru vefjarefni eða gerviefni. Mettist hlífðarfatnaður efninu skal fjarlægja hann og þvo efnið af hörundi með miklu sápuvatni eða hreinsiefni fyrir hörund.

Augu: Öryggis-hlífðargleraugu til varnar slettum skal nota.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/lykt:	Gráglær seigur vökvi.
Sýrustig:	Á ekki við
Suðumörk:	Ekki mælt
Blossamark:	
Rúmpyngd:	1,258 g/cm ³
Uppleysanleiki í vatni:	Ekki uppleysanlegt
Rúmpyngd gufu:	Meiri en lofts.
Sprengimörk:	Ekki mælt

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt þegar fylgt er tilmælum um meðhöndlun og geymslu (sjá nr. 7). Við bruna geta losnað aukaefni svo sem reykur, kolmónoxíð, koltvísýringur og nitroxíð. Hafið efnið ekki nærri oxunarvökum, sterkum alkalískum málum (áli, magnesíum o.fl.) né sýrum til að forðast efnahvörf sem mynda varma.

11. Eiturfræðileg atriði.

Endurtekin eða langvarandi snerting getur, án ofnæmiseinkenna, eytt fitulagi hörunds þannig að það þorni og sprungur myndist sem opnað geta öðrum efnum leið inn í hörundið. Slettist efnið í auga getur það valdið ertingu, óþægindum og tímabundnum skaða. Gufa lífræns leysiefnis getur valdið alvarlegum heilsuskaða svo sem með ertingu og tímabundnum skaða á slímhúð og öndunarfærum og alvarlegum skaða á nýrum og miðtaugakerfi. Á meðal einkenna er höfuðverkur, syfja og svimi, máttleysi og í versta falli öngvit.

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi.

Engar upplýsingar eru fyrirbyggjandi um efnið sjálft. Koma skal í veg fyrir að magn efnisins geti borist í frárennsli eða umhverfi og valdið grunnvatnsmengun. Lög og reglur um meðferð og notkun rokjarra leysiefna (loftmengun) í atvinnurekstri geta átt við þetta efni.

13. Förgun.

Gætið þess að efnið komist ekki í frárennslikerfi, vatnslindir eða saman við vatn í umhverfinu. Afganga og tæmdar umbúðir skal fara með og farga sem spilliefni í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um affallsefni frá iðnaði.

14. Flutningur.

UN Nr. 1950
 Á sjó: Flokkur 9
 Ems 2-13
 MFAG 260
 Aðalhætta: Hættulegt IMDG-síðu nr. 9022
 Flutningsvara: „AEROSOL DISPENSER NOS“

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Hættulegt

Flokkun: Xn Hættulegt. Mjög eldfimt

Inniheldur: Díklórmetan

Hættusetningar: H40 Hætta á varanlegum heilsuskaða.
 H12 Mjög eldfimt.

Varnaðarsetningar: V2 Hafið ekki þar sem börn ná til. V23 Forðist innöndun.
 V24/25 Forðist snertingu við hörund og augu. V46 Sé efnið gleypt skal leita læknis tafarlaust og sýna þessa umbúð eða merkimiðann af henni. V26 Snerting við augu, skolið strax með miklu vatni og leitið læknis.
 V16 Haldið fjarri eldi og neistum - reykið ekki.

Önnur atriði: Andið ekki inn gufu eða úða af efninu.
 Notkun þessa efnis fellur undir Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999 og einnig undir Reglur nr. 765/2001 um verndun strafsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.



16. Aðrar upplýsingar.

Dags. útgáfu frumrits 4.3.2002

Dags. síðustu endurskoðunar 4.3.2002

Hættuleg innihaldsefni:

Díklórmetan H40 Hætta á varanlegum heilsuskaða.

Upplýsingarnar sem fram koma í þessum Öryggisleiðbeiningum (MSDS) eru fengnar frá áreiðanlegum aðilum og eru, að svo miklu leyti sem við getum dæmt um, réttar á þeim tíma sem þeirra var aflað.

Bílanaut hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu sem kann að stafa af rangri notkun þess með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: MSDS PTS. Útgefið 6. mars 2003.

Þýtt, unnið og uppsett fyrir Bílanaut hf. í apríl 2003:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ.